



Erasmus+

2020-1-SE01-KA204-077791



S U S T A I N A B L E

LEIÐARVÍSIR

TIL AUKINNAR MEÐVITUNDAR UM MIKILVÆGI SJÁLFBÆRNI Í MENNTUN



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Verkefnið hefur verið styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Efnið sem hér er að finna endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á hvernig þær upplýsingar kunna að vera nýttar. Verkefnanúmer:
2020-1-SE01-KA204-077791

Styrktaraðilar

Þessi leiðarvísir er hluti af verkefninu SUSTAINABLE sem unnið var af Innovation Training Center (ITC) undir ERASMUS+. Verkefnið var styrkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (styrktar númer: 2020-1-SE01-KA204-077791). **Heimasíða:** <https://sustainable-project.eu/>

Samstarfsaðilar

HÄLSINGLANDS UTBILDNINGSFÖRBUND (SE)

CIEP (BE)

NaturFreunde (DE)

ITC (ES)

TUI (IE)

Civiform (IT)

Nýheimar knowledge centre (IS)

SEC (RO)

Asociatia Eco Trend Egyesulet (RO)

Þakkir

Við viljum þakka öllum nemendum, kennurum, þjálfurum, sérfræðingum og rannsakendum sem komu að verkefninu.

Höfundaréttur

Materials may be used according to the Creative Commons License Non-Commercial Share Alike:



Aðvörun

Verkefnið hefur verið styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Efnið sem hér er að finna endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á hvernig þær upplýsingar kunna að vera nýttar. Verkefnanúmer: 2020-1-SE01-KA204-077791

Efnisyfirlit

LISTI YFIR SKAMMSTAFANIR	4
Inngangur: Í hvaða samhengi var hugtakið þróað?	5
1. Hvað er sjálfbær þróun?	6
2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	7
3. SJÁLFBÆRA nálgunin okkar	11
4. Þáttökuaðferðir í námi: aðferðafræðin	14
5. Í evrópsku samhengi	19
5.1 Almenn umfjöllun	19
5.2 Svör ESB við heimsmarkmiðunum	20
5.3 Staðreyndir og tölulegar upplýsingar	20
6. Aðgerðir þáttökulanda innan ESB sem snúa að vitundarvakningu með áherslu á heimsmarkmiðin	23
6.1 Belgía	27
6.2 Þýskaland	30
6.3 Spánn	33
6.4 Írland	36
6.5 Ítalía	39
6.6 Ísland	42
6.7 Rúmenía	45
6.8 Svíþjóð	50
7. Frekari úrræði, rannsóknir og upplýsingar	55
Heimildaskrá	54

LISTI YFIR SKAMMSTAFANIR

ESB – Evrópusambandið (EU, European Union)

GAP - Global Action Programme on Education for Sustainable Development

GCED - Global Citizenship Education (Menntun UNESCO fyrir heimsborgara)

UNESCO – Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization)

Inngangur: Í hvaða samhengi var hugtakið þróað?

Með þeim hröðu umhverfis-, samfélagslegu og efnahagslegu breytingum sem eiga sér stað á heimsvísu er mikilvægt að **kennarar fái reglulega uppfærðar upplýsingar um sjálfbærni hugtakið og hvernig sjálfbær þróun hefur verið skilgreind og túlkuð á margvíslegan hátt.**

Mikilvægt er að leggja áherslu á þrjár megin hliðar sjálfbærrar þróunar: **umhverfislegar, samfélagslegar og efnahagslegar** til breyta heiminum í sanngjarnari, sjálfbærari og auðugri stað á eins markvissan máta og hægt er. Þessi leiðarvísir ætti að geta stuðlað að heildrænum nálgunum, lausnum og framkvæmdum sem hægt er að aðlaga að hvaða samfélagi sem er.

Markmið ERASMUS+ verkefnisins „SUSTAINABLE“ eða „SJÁLFBÆRNI“ er að efla kennara og fullorðið fólk til að skilja og markvisst vinna í áskorunum í sjálfbærni, að loftslagsbreytingum meðtöldum og þar með taka þátt í því að miðla þekkingu og tryggja sjálfbæra þróun. Kennsluefni ERASMUS+ verkefnisins „SUSTAINABLE“ er afurð samvinnu átta landa og mun verkefnið bjóða upp á hagnýt tæki og tól (bæði rafrænt og sem kennsluúrræði) til að stuðla að umbreytingu að sjálfbærari háttum í kennslu.

Markmið þessa leiðarvísis er að:

- ✓ Miðla upplýsingum um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- ✓ Kynna sjálfbærar aðgerðir/umræðuefni fyrir kennurum sem starfa á öllum stigum menntakerfisins, þar á meðal staðreyndir um sjálfbærni, loftslagsbreytingar og annan fræðilegan bakgrunn.
- ✓ Að gefa ráð um hvernig gott er að innleiða sjálfbærni í menntakerfið.
- ✓ Upplýsa og vekja athygli á þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir varðandi sjálfbærni og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að takast á við þær.

Markhópurinn okkar: Fyrir hvern er þessi leiðarvísir ætlaður?

Þessi leiðarvísir er sérstaklega ætlaður kennurum á öllum stigum náms til **að auka meðvitund kennara um mikilvægi sjálfbærni og sjálfbærra aðgerða í menntun.**

1. Hvað er sjálfbær þróun?



Til eru nokkrar skilgreiningar á sjálfbærni og sjálfbærri þróun.

Í þessu riti er miðað við skilgreiningu úr greininni “Our Common Future” (einnig þekkt sem Burtland-skýrslan), sem birt var af Sameinuðu þjóðunum árið 1987.

Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum fólks í samtímanum (velferð, heilsu og þróun efnahagslífs) án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum (þ.e.a.s. með verndun vistkerfa og náttúrlegra auðlinda).

Sjálfbær þróun felur því í sér að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis þeim pólitísku og efnahagslegu. Auk þess að átta sig á því að til að takast á við vandamál líkt og fátækt og loflagsbreytingar þurfa sjónarmið efnahags, samfélags og umhverfis að spila saman.

*„Það er ekkert öflugra umbreytingarafl en **menntun** – til að stuðla að mannréttindum, **útrýma fátækt, auka sjálfbærni** og stuðla að bættri framtíð fyrir alla, byggðri á jöfnum réttindum, félagslegu jafnrétti, virðingu á menningarlegum fjölbreytileika, alþjóðlegri samstöðu og sameiginlegri ábyrgð, sem öll eru grundvallaratriði í sameiginlegri mannúð okkar.“*
Irina Bokova, fyrrum stjórnandi UNESCO (2009-2017).



2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Hvað eru Sameinuðu þjóðirnar?

Megin markmið Sameinuðu þjóðanna (United Nations, UN) og undirstofnana eins og UNESCO er að viðhalda friði í heiminum, standa vörð um mannréttindi og útrýma fátækt. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru 193 talsins og vinna í sameiningu að lausnum og aðgerðum vegna alþjóðlegra málefna.

Hvað eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru markmið ætluð til þess að gera heiminn að betri stað. Megin stefna heimsmarkmiðanna er að búa til betri heim og bæta líf fólks á jörðinni fyrir árið 2030 með því að efla sjálfbæra (efnahags-, umhverfis-, og samfélagslega) þróun.

Ef þú tækir þig til og gerðir lista af markmiðum ætluðum til þess að gera heiminn að betri stað, hvað væri á honum? Að útrýma fátækt? Að takast á við loftslagsbreytingar og tryggja sjálfbæra neyslu? Ná fram jafnrétti kynjanna? Hver væru þín forgangsatriði og af hverju?

Alls staðar í heiminum stendur fólk frammi fyrir víðtækun efnahagslegum, umhverfislegum og pólitískum áskorunum, bæði í nær umhverfi sínu og á hnattrænum skala. Fyrir marga geta þessar áskoranir ekki einungis umturnað lífi fólks heldur einnig stofnað því í hættu. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru sett af stað til að stuðla að þeirri breytingu sem þarf að verða til að gera heiminn að betri stað. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september 2015. Í töflu 1 má sjá kennimerki og samantekt á hverju markmiði fyrir sig.



Tafla 1: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, kennimerki og skilgreiningar.

KENNIMERKI

HEIMSMARKMIÐ



ÚTRÝMA FÁTÆKT Í ALLRI SINNI MYND ALLS STAÐAR. Tryggja sameiginlega velmegun fólks í heiminum með innleiðingu á viðeigandi félagslegum kerfum í hverju landi, öllum til handa, þ.m.t. lágmarksframfærsluviðmið sem styðji allverulega við fátæka og fólk í viðkvæmri stöðu. Einnig að tryggja jafnan rétt og aðgengi fólks að efnahagslegum og náttúrulegum auðlindum.



ÚTRÝMA HUNGRI, TRYGGJA FÆÐUÖRYGGI OG BÆTTA NÆRINGU OG STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRUM LANDBÚNAÐI. Til að markmiðinu verði náð er nauðsynlegt að stuðla að sjálfbærni í matvælaframleiðslu og auka fjárfestingar í innviðum á svæðum utan þéttbýlis, í landbúnaðarrannsóknnum og tækniþróun í því skyni að bæta landbúnaðarframleiðslu í þróunarlöndum.



STUÐLA AÐ HEILBRIGÐU LÍFERNI OG VELLÍÐAN FYRIR ALLA FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR með bættu kynheilbrigði, mæðra- og ungbarnavernd; binda enda á alvarlegar farsóttir; og draga úr öðrum sjúkdómum en smitsjúkdómum, bæði andlegum og líkamlegum. Markmiðið kallar einnig eftir að komið verði í veg fyrir dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft- vatns- og jarðvegsmengunar.



TRYGGJA JAFNAN AÐGANG ALLRA AÐ GÓÐRI MENNTUN OG STUÐLA AÐ TÆKIFÆRUM ALLRA TIL NÁMS ALLA ÆVI, einnig að auka þann fjölda ungs fólks sem og fullorðinna sem hafa menntun sem gagnast í starfi og í frumkvöðlastarfsemi. Markmiðið felur einnig í sér að tryggja jafnt aðgengi að námi, óháð kyni og efnahag.



JAFNRÉTTI KYNJANNA VERÐI TRYGGT OG VÖLD ALLRA KVENNA OG STÚLKNA EFLD. Markmiðið felur einnig í sér að tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.



TRYGGJA AÐGENGI AÐ OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU, ALLRA Á HREINU VATNI OG SALERNISAÐSTÖÐU. Markmiðið felur einnig í sér að vatnsgæði verði aukin og að sjálfbær vatnsnotkun verði tryggð í því skyni að koma í veg fyrir vatnsskort.



TRYGGJA ÖLLUM AÐGANG AÐ ÖRUGGRI OG SJÁLFBÆRRI ORKU Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI. Til að hægt sé að tryggja örugga og sjálfbæra orku á viðráðanlegu verði þarf að auka alþjóðlega samvinnu í því skyni að auðvelda aðgengi að rannsóknnum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku, meðal annars endurnýjanlegrar orku, orkunýtingar og háþróaðs og hreins jarðefnaeldsneytis. Einnig þarf að yta undir fjárfestingu í orkugrunnvirkjum og tækni á sviði umhverfisvænnar orku.



STUÐLA AÐ VIÐVARANDI SJÁLFBÆRUM HAGVEXTI OG ARÐBÆRUM OG MANNSÆMANDI ATVINNUTÆKIFÆRUM FYRIR ALLA. Markmiðið felur í sér að full vinna og mannsæmandi störf verði í boði fyrir alla, sömu laun greidd fyrir jafn verðmæt störf og að stuðlað verði að öruggu og tryggðu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk. Einnig að tafarlaugar ráðstafanir verði gerðar til að útrýma nauðungarvinnu og að nútímaprælahald og mansal heyrri sögunni til.

KENNIMERKI
HEIMSMARKMIÐ


BYGGJA UPP VIÐNÁMSPOLNA INNVIÐI FYRIR ALLA, STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI IÐNVÆÐINGU OG HLÚA AÐ NÝSKÖPUN. Markmiðið gerir grein fyrir mikilvægi þess að ýtt verði undir nýsköpun og fjölgað í störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa. Einnig að útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.



DRAGA ÚR ÓJÖFNUÐI INNAN OG Á MILLI LANDA. Markmiðið kallar á að lönd tryggji jöfn tækifæri og dragi úr ójöfnuði óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, fötlunum, efnahag og öðrum þáttum.



GERA BORGIR OG ÍBÚÐASVÆÐI ÖLLUM MÖNNUM AUÐNOTUÐ, ÖRUGG, VIÐNÁMSPOLIN OG SJÁLFBÆR. Lögð verði áhersla á bættar almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, aukið við græn svæði og blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.



SJÁLFBÆR NEYSLU- OG FRAMLEIÐSLUMYNSTUR VERÐI TRYGGÐ með tækniþróun, skilvirkri og sjálfbærri nýtingu auðlinda og minnkun á úrgangi á heimsvísu. Markmiðið kallar á að fyrirtæki þrói með sér sjálfbæra framleiðslu og að menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um sjálfbæra neyslu.



GRÍPA TIL BRÁÐRA AÐGERÐA GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM OG ÁHRIFUM ÞEIRRA. Markmiðið felur í sér að ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlun, stefnumótunum og skipulagi. Einnig að auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum með sérstöku tilliti til þróunarlanda.



VERNDA OG NÝTA HAFIÐ OG AUÐLINDIR ÞESS Á SJÁLFBÆRAN HÁTT Í ÞVÍ SKYNI AÐ STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN. Að dregið verði verulega úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar og unnið gegn súrnun sjávar. Einnig að skilvirku eftirliti verði komið á afla, tekið fyrir ofveiði og að vistkerfi sjávar og stranda verði vernduð á sjálfbæran hátt.



VERNDA, ENDURHEIMTA OG STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VISTKERFA Á LANDI, SJÁLFBÆRRI STJÓRNUN SKÓGARAUÐLINDARINNAR, BERJAST GEGN EYÐIMERKURMYNDUN, STÖÐVA JARÐVEGSEYÐINGU OG ENDURHEIMTA LANDGÆÐI OG SPORNA VIÐ HNIGNUN LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ. Markmiðið felur einnig í sér verndun tegunda í hættu.



STUÐLA AÐ FRÍÐSÆLUM OG SJÁLFBÆRUM SAMFÉLÖGUM FYRIR ALLA MENN, TRYGGJA ÖLLUM JAFNAN AÐGANG AÐ RÉTTARKERFI OG BYGGJA UPP SKILVIRKAR OG ÁBYRGAR STOFNANIR FYRIR ALLA MENN Á ÖLLUM SVIÐUM. Tekið verði fyrir misnotkun, misbeitingu, mansal og hverskyns ofbeldi gegn börnum og pyntingar verði upprættar.



BLÁSA LÍFI Í ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN OG GRÍPA TIL AÐGERÐA. Markmiðið undirstrikar mikilvægi þess að hátekuríkinn styðji vel við þróunarlönd og standi að fullu við skuldbindingar sínar um opinbera þróunaraðstoð. Einnig að úrræði heimamanna verði styrkt, til að bæta skattkerfið og aðra tekjuöflun. Markmiðið undirstrikar einnig mikilvægi þess að stuðlað verði að alþjóðlegu og opnu viðskiptakerfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og að útflutningur þróunarlandanna verði aukinn verulega.

Heimild: EU Sustainable development in the European Union Overview of progress towards the SDGs in an EU context (2020). Print: 978-92-76-17454-7 PDF: 978-92-76-17455-4

Hvað er einstakt og öðruvísi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna?



Hvernig eru heimsmarkmiðin viðeigandi innan skólakerfisins?

Nú þegar verið er að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna alþjóðlega er mikilvægt að menntakerfið sé í leiðtogahlutverki við umbreytingar í átt að sjálfbærni. Þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir núna eru alþjóðleg og snúa að öllum hliðum nútíma lífnaðarháttá, þar af leiðandi er nauðsynlegt að finna heildrænar og alþjóðlegar lausnir.

Til að markmiðunum verði náð er mikilvægt að skilja þá breytingu sem þarf að eiga sér stað í átt að sjálfbærni og því er menntun í lykilhlutverki.

Kennarar og uppalendur gegna því hlutverki að miðla þekkingu til nemanda, hjálpa þeim að skilja þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og að stuðla að samviskusömum samfélagsþegnum sem markvisst vinna í átt að sjálfbærni. Byltingarkenndar námskenningar og meginreglur vistfræðilegrar hönnunar bjóða upp á vænleg tækifæri til að skapa merkingarfulla námsupplifun sem getur leitt til persónulegrar, vitsmunalegrar og félags- menningarlegrar kunnáttu en slíkt er nauðsynlegt til að skapa endingargóð og endurnýjanleg kerfi.

Menntun er kraftmikið tól sem getur styrkt einstaklinga og hópa til þess að leggja sitt af mörkum í að þróa samfélagið í átt að sjálfbærni. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa í huga að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru öflug leið til þess að takast á við þau áriðandi hnattrænu málefni sem við stöndum frammi fyrir í dag, þar sem þau er hægt að innlima í skólakerfið og geta nýst til þess að auðga námsskrá.

Hagur nemenda

Þau hnattrænu vandamál sem við stöndum frammi fyrir í dag eru afar víðtæk og því eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna góð samantekt á þeim flóknu alþjóðlegu málefnum sem nemendur gætu viljað takast á við. Til að markmiðin komi að sem mestu gagni er gott að brjóta þau niður og skoða hvern flokk fyrir sig.

Heimsmarkmiðin 17 hvetja fólk til náms og stuðla að gagnrýnni hugsun um raunveruleg málefni. Til að markmiðin skili sem mestum árangri þurfa stjórnvöld, stofnanir og einstaklingar að fá tækifæri til að læra um markmiðin og að deila merkingu þeirra með öðrum. Með vitneskju um heimsmarkmiðin verða nemendur meðvitaðri um umhverfi sitt, náttúru og samfélag og líklegri til að taka aukinn þátt í að stuðla að sjálfbæru samfélagi.

Í grunninn byggja heimsmarkmiðin á því að miðla upplýsingum og hvetja fólk til umhugsunar um sín eigin persónulegu gildi, þá sér í lagi þegar kemur að sjálfbærni. Ásamt því að veita þekkingu og svigrúm til að ígrunda gildi heimsmarkmiðanna, eiga markmiðin að auka hæfni einstaklinga. Hæfni til ígrundunnar er nauðsynleg til að geta metið eigin athafnir og hæfni til aðgerða er grundvöllur þess að getað leitað annarra leiða en þeirra sem ekki falla að heimsmarkmiðunum. Þannig stuðlar fræðsla fullorðinna að upplýstu samfélagi sem er í stakk búið til að takast á við brýnustu áskoranir samtímans. Mikilvægt er að allir íbúar taki virkan þátt og hafi þekkingu og færni til þess, á öllum stigum lífsins. Menntun um heimsmarkmiðin víkkar sjóndeildarhring fólks, í atvinnulífinu og persónulega. Fræðsla fullorðinna um heimsmarkmiðin er undirstaða þess að markmiðin náist og jafnframt markmið í sjálfu sér.

3. SJÁLFBÆRA nálgunin okkar

Það eru margar leiðir til þess að nálgast heimsmarkmiðin. Þessi leiðarvísir er fyrsti hluti af fjórpætri nálgun í verkefninu SJÁLFBÆRNI eða SUSTAINABLE. Hér verður einblínt á áfangann IDENTIFY eða BERA KENNSL Á:



BERA KENNSL Á:
LEIÐARVÍSIR TIL
KENNSLU OG
AUKINNAR
MEÐVITUNDAR



KANNA:
LEIÐBEININGAR UM
KENNSLUHANDBÓK
FYRIR KENNARA



FRAMKVÆMA:
KENNSLUEFNI OG
UPPLÝSINGAR FYRIR
KENNARA



DEILA: KENNSLUVEFUR

Þessi leiðarvísir styður við kennara sem vinna með nemendum af ólíku tagi til að dýpka skilning þeirra á heimsmarkmiðunum, auk þess að kanna þá kosti og galla sem heimsmarkmiðin hafa innan veggja skólakerfisins. Kennarar eru mis vel upplýstir um heimsmarkmiðin og er þessi leiðarvísir að mestu ætlaður sem almenn kynning og inngangur, en ætti þó einnig að geta dýpkað skilning þeirra sem eru lengra komnir.

Í fullkomnum heimi ætti menntakerfið að taka heilðræna nálgun á heimsmarkmiðin, innlima flokka þeirra inn í kerfið, styðja við kennara og nemendur til þess að grípa til aðgerða og með því hvetja til víðtækari þátttöku í samfélaginu. Það er aftur á móti ekki alltaf framkvæmanlegt og því er markmið þessa leiðarvísis að styðja við nám og hugsun um heimsmarkmiðin innan menntakerfisins. Hér verða veittar almennar upplýsingar, niðurstöður rannsókna og gagnlegir hlekkir á heimasíður sem ættu að gagnast kennurum til að auka hlutfall fólks sem er meðvitað um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Vistkerfa nálgun Sameinuðu þjóðanna getur gagnast menntakerfinu

Vistkerfa nálgunin kemur frá samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD) sem samþykktur var á heimsráðstefnu um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro árið 1992. Ísland undirritaði samninginn á ráðstefnunni 1992 og gekk hann í gildi hérlendis árið 1994. Til þessa hafa 192 ríki gerst aðilar að samningnum. Markmið samningsins eru þrjú: **Að vernda líffræðilega fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu hennar og tryggja ráðstöfunarrétt ríkja yfir erfðaeefni sínu og skiptingu hagnaðar af nýtingu þess.** Vistkerfa nálgunin snýst um kerfisbundnar breytingar og þátttaka í henni þýðir meðal annars:

1. Vernda og leitast við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun (**Hringrásarhagkerfið**).
2. Vernda velferð fólks, huga að þörfum mannkyns við ákvörðunartöku og þar með draga úr fátækt, draga úr óréttlæti og auka frelsi (**Félagshagkerfið**).
3. Hvetja til fyrirtækjavaxtar í sátt og samlyndi við náttúru og þarfir fólks og þar með hvetja fyrirtæki til skuldbindinga í samfélagslegri og húmanískri ábyrgð. (**Ábyrgt markaðshagkerfi**).

4. Þátttökuaðferðir í námi: aðferðafræðin

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, UNESCO) er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna með umboð til að taka á öllum þáttum menntunar og hefur stofnuninni því verið falið að leiða alþjóðlega menntastefnu til ársins 2030 (Global Education 2030 Agenda) með tilliti til heimsmarkmiðs 4 – Menntun fyrir alla. Vegvísirinn að þessu er Framkvæmdaáætlun um menntun 2030. Framkvæmdaáætlunin skorar á lönd að:

“Tryggja að nemendur öðlist þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að stuðla að sjálfbærri þróun, meðal annars með menntun til sjálfbærrar þróunar og sjálfbærra lífnaðarháttá, mannréttinda, kynjajafnréttis, alþjóðlegs ríkisborgararéttar (heimsborgarar) og virðingu fyrir menningarlegum fjölbreytileika og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.”

Þar af leiðandi hefur hugtakið, *heimsborgari (global citizenship)* mikið verið notað. Hugtakið hefur verið túlkað á marga vegu en áherslan er oft lögð á jákvæð viðbrögð ungs fólks við alþjóðlegum málefnum og þeim aðgerðum sem ungt fólk hefur gripið til í leit að breytingum. Heimurinn verður sífellt tengdari með hjálp tækniþróunar en þó hefur það ekki leitt til aukins lýðræðis þar sem mannréttindabrot, ójöfnuður og fátækt ógna enn friði og sjálfbærni.



designed by freepik

UNESCO hefur því gripið til aðgerða til að veita leiðsögn og fræðslu um þá þætti sem fólk þarf að tileinka sér til að teljast heimsborgarar (Global Citizenship Education, GCED). Markmiðið er að valdefla nemendur á öllum aldri í að gerast virkir þátttakendur í samfélaginu og leggja grunn að öruggara og sjálfbærara samfélagi þar sem allir eru jafnir, ekki einungis í sínu nærumhverfi heldur einnig á hnattrænum skala.

GCED er stefnumótandi svið undir menntunardeild UNESCO sem byggir á aðferðafræði frá Peace and Human Rights Education. GCED stefnir að því að innræta fólki gildin, viðhorfin og hegðunina sem nauðsynleg er til að gerast ábyrgur heimsborgari: sköpunargáfu, nýsköpun, sjálfbæra þróun og stuðning við frið og mannréttindi.

Við mælum með GCED nálgun til þess að hvetja nemendur til þess að fræðast um heimsmarkmiðin þar sem það krefst gagnrýnnar hugsunar, skilnings á sjálfbærri þróun og virðingu fyrir mannréttindum eins og lýst er í heimsmarkmiði 4, undirmarkmiði 7.

Heimsmarkmiðin falla vel að þekkingu, skilningi, færni og viðhorfum sem lýst er í GCED. GCED gerir nemendum kleift að þekkja og skilja flækjustig hnattrænna vandamála ásamt því að tengja hið alþjóðlega við hið staðbundna. GCED notast við margskonar kennslu- og námsaðferðir, þar á meðal umræður, kappræður, hlutverkaleiki og fyrirspurnarsamfélög, sem geta stutt kennslu og nám um og fyrir heimsmarkmiðin.

Nálgun GCED er ekki hugsuð sem viðbótarnámsgrein heldur frekar sem yfirgripsmikil nálgun sem hægt er að nýta þverfaglega og best er að innleiða í námskrá og skóla umhverfið almennt.

Tafla 2: Lykilatriði til að stuðla að virkum og ábyrgum heimsborgurum

VITNESKJA OG SKILNINGUR	FÆRNI	GILDI OG VIÐHORF
<ul style="list-style-type: none"> • Félagslegt jafnrétti og réttlæti • Auðkenni og fjölbreytileiki • Hnattvæðing og traust • Sjálfbær þróun • Friður og ágreiningur • Mannréttindi • Vald og stjórnun 	<ul style="list-style-type: none"> • Gagnrýnin og skapandi hugsun • Umburðarlyndi • Sjálfsvitund og íhugun á sjálfinu • Samskipti • Samvinna og geta til að takast á við ágreining • Geta til að takast á við flækjustig og óvissu • Upplýstar og úthugaðar aðgerðir 	<ul style="list-style-type: none"> • Sjálfsvitund og sjálfsöryggi • Stuðningur við jafnrétti og réttlæti • Virðing fyrir fólki og mannréttindum • Finna verðmæti í fjölbreytileikanum • Virðing fyrir náttúrunni og stuðningur við sjálfbæra þróun • Virk þátttaka • Trú á krafti fjöldans til breytinga

Heimild: Bourn, Hunt, Bloum Lawson, (2016).

Læra-Hugsa-Framkvæma, nálgun á heimsmarkmiðunum

Læra-Hugsa-Framkvæma nálgunin er í samræmi við heimsmarkmiðin, þar sem gerð eru skýr tengsl milli skilnings, hugsunar og framkvæmda (mynd 1). Samhliða öflugri þróun þekkingar og skilnings á alþjóðlegum málefnum felur slík nálgun í sér tækifæri fyrir ungt fólk til að öðlast nýja þekkingu, nýta hæfileika sína, beita gagnrýnni hugsun og framkvæma á áhrifaríkan hátt og stuðla þar með að breytingum. Auk þess gerir nálgunin kennurum kleift að þróa og tjá eigin gildi og skoðanir samtímis

Þess að hlusta og bera virðingu fyrir sjónarmiðum og skoðunum annarra. Þetta eru mikilvæg skref í átt að því að nemendur taki upplýstar ákvarðanir um hvernig best er að takast á við alþjóðleg málefni.

Þemu heimsmarkmiðanna henta vel til rannsókna og hvetja til upplýstra og ábyrgra aðgerða á staðbundnum og hnattrænum vettvangi. Aðgerðir geta verið margskonar og það er mikilvægt að muna að markmiðin eru á ábyrgð stjórnvalda og hagaðila á öllum stigum samfélagsins – ekki einungis á ábyrgð ungs fólks. Hjá ungu fólki gæti „aðgerða“ þátturinn stundum verið að ákveða að læra meira eða að stuðla að frekari rannsóknum.

Til að útkoma náms verði sem mest og þátttaka í heimsmarkmiðunum sem innihaldsríkust er mikilvægt að kennarar leiti til aðgerða sem styðja við þróun gagnrýnnar og skapandi hugsunar nemenda sem og þróun á færni einstaklinga. Einnig þarf að huga að því hvernig nemendur læra um alþjóðleg málefni, hvað hefur áhrif á skoðanir þeirra og hegðun og hvernig best er að ná fram gagnrýnari og virkari nálgun á nám.



GCED er snertiflötur milli náms, aðgerða og hugsunar með gildi í kjarna ferlisins. Þróun á samúð er mikilvæg til þess að styðja við nemendur til að leysa flókin vandamál líkt þeim sem fjallað er um í

heimsmarkmiðunum. Mynd 1 sýnir myndrænt hvernig nám og hugsun um hnattræn málefni getur hvatt til aðgerða og aðgerðir hvatt til þróunar á þekkingu, aukins skilnings á málefnum og gagnrýnni hugsun á bæði málefnum og aðgerðunum.



Mynd 1: Læra-Hugsa-Framkvæma nálgunin

Heimild: sótt til OXFAM GB Sustainable Development Goals: A guide for teachers (2019)

Hér að neðan eru dæmi um þátttökuaðferðir sem hægt er að beita með heimsmarkmiðunum.

Tafla 3: Dæmi um þátttökuaðferðir

ÞÁTTTÖKUAFERÐ	STUTT LÝSING
	Verkefnatengt nám
	Heimspeki ætluð börnum
	Nám byggt á fyrirspurnum
	Kerfishugsun
	Skykkja sérfræðingsins
	Opið rými fyrir umræður og spurningar
	<p>Nemendamiðuð nálgun sem felur í sér þátttöku í raunverulegum áskorunum sem krefst samvinnu og hugsun sérfræðinga. Margvíslegar tillögur um verkefnatengt nám eru fánlegar á netinu, Gaia menntunin (Gaia education) notast við verkefna tengt nám svo eitthvað sé nefnt.</p>
	<p>Aðferðarfræði sem virkar vel með heimsmarkmiðunum þar sem ungt fólk býr til sínar eigin heimspékilegu spurningar og þróar þar með hugsunar-, rökhugsunar- og spurningahæfileika sína í umræðu.</p>
	<p>Aðferð sem er vel þekkt í landafræði, þar sem gildi spurningarinnar sem sett er fram (og hvernig spurt er) er jafnt gildi þess efnis sem verið er að rannsaka. Margaret Roberts skilgreinir fjóra megin þætti sem vert er að hafa í huga við skipulag á námi byggðu á fyrirspurnum: að vekja upp þörf til þess að vita, gagnanotkun, hafa meiningu, og ígrundun um námi.</p>
	<p>Áhersla á að skilja hvernig kerfi eru búnin til, hvernig þau virka og hvernig hægt er að breyta þeim og gagnrýna (þar sem kerfi er skilgreint sem samansafn hluta sem hafa áhrif hver á annan og hugmyndin er að skilja hvernig mismunandi hlutar hafa samskipti sín á milli). Þetta getur verið góð aðferðafræði þegar unnið er með fullorðnum nemendum að verkefnum sem krefjast rannsókna á kerfislægum og sögulegum ástæðum ákveðinna málefna.</p>
	<p>Aðferð þar sem ímyndaðar aðstæður eru notaðar til náms. Kennarar geta skapað ímyndað samhengi sem gerir nemendum kleift að setja sig í spor sérfræðinga og taka ákvarðanir út frá þekkingu sinni um málefni.</p>
	<p>Tillögur að leiðbeiningum til að skapa „opið og öruggt rými fyrir umræður og fyrirspurnir um alþjóðleg sjónarmið og málefni með áherslu á tengsl“.</p>

Heimild: Sótt til OXFAM GB Sustainable Development Goals: A guide for teachers (2019)

Í ritinu *Preparing Teachers for Global Citizenship Education: A Template*, sem UNESCO birti árið 2018, má sjá fleiri samantektir á aðferðarfræði.

5. Í evrópsku samhengi

5.1 Almenn umfjöllun

Sjálfbær þróun hefur lengi verið miðpunktur Evrópuverkefnisins og sáttmálar ESB gera grein fyrir því að takast þarf á við efnahags-, samfélags- og umhverfislegarþætti samtímis. Þróun þarf að mæta þörfum samtímans án þess að koma í veg fyrir að komandi kynslóðir geti mætt þörfum sínum. Mannsæmandi líf fyrir alla á jörðinni, skilvirkt efnahagslífs, samfélag án aðgreiningar og umhverfisábyrgð er kjarninn í sjálfbærri þróun.



Síðastliðin 20 ár hefur sjálfbær þróun verið eitt af grundvallar markmiðum Evrópusambandsins, sjálfbær þróun er hluti af Amsterdam sáttmálanum sem leggur grunn að stefnu ESB. Evrópusambandsáttmálinn segir til um framtíðarsýn ESB um sjálfbæra þróun í Evrópu sem byggist á jafnvægi hagvaxtar og stöðuleika verðlags, samkeppnishæfu félagslegu markaðshagkerfi sem miðar að fullri atvinnu og félagslegum framförum, auk verndunar og endurbóta á gæðum umhverfisins.

Sjálfbær þróun hefur verið innleidd í stefnu og löggjöf Evrópusambandsins með „Stefnumótun ESB um sjálfbæra þróun“ ([EU Sustainable Development Strategy](#)), stefnumótun ESB 2020, og „stefnumótun ESB um bætta reglugerð“ (EU's Better Regulation Agenda). Auk þess er sjálfbær þróun hluti af „[7th Environment Action Programme](#)“. Þessi viðleitni hefur haldist í hendur við nauðsynlega þátttöku aðildarríkja og hagsmunaaðila sem er forsenda árangursríkrar innleiðingar. ESB átti stóran þátt í myndun 2030 aðgerðaáætlunarinnar í loftslagsmálum (the global 2030 Agenda), sem er í fullu samræmi við framtíðarsýn Evrópu og hefur nú orðið að áætlun heimsins í sjálfbærri þróun. ESB mun halda ótrautt áfram að vera í forystu fyrir framkvæmd á 2030 aðgerðaáætluninni í loftslagsmálum og á heimsmarkmiðunum ásamt aðildarríkjum sínum, í fullu samræmi við dreifræðisregluna.

5.2 Svör ESB við heimsmarkmiðunum

Evrópusambandið hefur séð til þess að markmiðin um sjálfbæra þróun séu tryggð í Evrópusamningunum ([Articles 3 \(5\) and 21 \(2\) of the Treaty on European Union](#)) og að þau séu áberandi í öllum lykilverkefnum, stefnumótunum og öðru sem Evrópusambandið tekur sér fyrir hendur. Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030 ([2030 Agenda for Sustainable Development](#)) og heimsmarkmiðin 7 sem samþykkt voru af Sameinuðu þjóðunum í september 2015 hafa veitt aukinn alþjóðlegan hvata til sjálfbærrar þróunar. Svör Evrópusambandsins við heimsmarkmiðunum voru tilgreind í samskiptum framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins 22. nóvember 2016, þau má nálgast hér: [Next steps for a sustainable European future - European action for sustainability](#)".

5.3 Staðreyndir og tölulegar upplýsingar

Hér má sjá framfarir ESB-27 í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Myndin sýnir framfarir síðastliðin 5 ár, til ársins 2020.



Mynd 2: 2020 Framfarir ESB-27 í heimsmarkmiðunum síðastliðin 5 ár.

Heimild: EU Sustainable development in the European Union Overview of progress towards the SDGs in an EU context (2020).

Skýrsla Evrópu um sjálfbæra þróun 2020 er önnur útgáfa af skýrslu um framgang ESB og aðildarríkja í átt að heimsmarkmiðunum. Skýrslan var unnin af óháðum sérfræðingum hjá SDSN (Sustainable Development Solutions Network) og IEEP (Institute for European Environmental Policy).

Í Evrópu skýrslunni um sjálfbæra þróun má sjá einkunnargjöf fyrir hvert land fyrir sig um hversu vel löndin uppfylla kröfur heimsmarkmiðanna. Einkunnagjöf er skipt upp í þrjá flokka: heildar-, umfram- og enginn skilinn út undan einkunn. Skýrsluna má nálgast í heild sinni hér: [SUSTAINABLE DEVELOPMENT REPORT](#)

HEILDAR: Löndum ESB er raðað niður í sæti eftir heildareinkunn þeirra. Heildareinkunnin segir til um heildar árangur þjóðar í því að uppfylla kröfur allra 17 heimsmarkmiðanna. Heildareinkunnina er hægt að líta á sem hlutfall af því hversu vel markmiðin hafa verið uppfyllt, einkunnin 100 jafngildir að öllum markmiðum hafi verið náð.

UMFRAM: Umfram einkunnin segir til um áhrif lands á önnur lönd í kringum sig. Lönd geta haft jákvæð eða neikvæð áhrif á getu annarra landa til að uppfylla heimsmarkmiðin. Umfram skalinn metur einkunn hvers lands eftir þeim áhrifum sem landið hefur á önnur lönd, þá er aðalega horft á umhverfis- og félagsleg áhrif sem felast í viðskiptum, hagkerfi, fjármálum og öryggi. Hærri umframeinkunn þýðir að land hefur meiri jákvæð og minni neikvæð áhrif á önnur lönd.


ENGINN SKILINN ÚTUNDAN: Löndum er gefin einkunn eftir því hversu margir eru skildir út undan. Eitt af megin markmiðum heimsmarkmiðanna er að enginn sé skilinn út undan. Við einkunnargjöfina er stuðst við ójafnrétti innan þjóða, fátækt, þjónustu, kyns og innkomu. Há einkunn gefur til kynna að færri samfélagshópar séu skildir út undan.

Tafla 4: Einkunnagjöf landa fyrir árangur í heimsmarkmiðunum


LAND	HEILDAR	UMFRAM	ENGINN SKILINN ÚTUNDAN	Meðaltal
Belgía	71,74	57,12	74,27	67,7
Þýskaland	74,62	62,05	75,44	70,7
Ísland	72,57	66,80	84,23	74,5
Írland	68,72	56,45	74,15	66,4
Ítalía	67,07	71,25	68,96	69,1
Rúmenía	58,31	84,03	47,74	63,4
Spánn	67,82	66,26	73,35	69,1
Svíþjóð	81,02	72,78	82,47	78,8

Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)

Á myndum 3 og 4 má sjá **HEILDAREINKUNN**, þ.e.a.s. hlutfall af uppfylltum heimsmarkmiðum aðildarríkja:




Mynd 3: HEILDAR-einkunn þáttökulanda í SUSTAINABLE verkefni.
Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)




Mynd 4: Kort af HEILDAR-einkunn þáttökulanda í SUSTAINABLE verkefni.
Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)

UMFRAM einkunnargjöfin er metin út frá þremur megin þáttum: umhverfis- og félaglegum áhrifum sem felast í viðskiptum, hagkerfi og fjármálum, og öryggismálum. Mynd 5 sýnir UMFRAM-einkunn þáttökulanda:




Mynd 5: UMFRAM-einkunn þáttökulanda í SUSTAINABLE verkefninu.
 Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)




Mynd 6: Kort af UMFRAM-einkunn þáttökulanda í SUSTAINABLE verkefninu.
 Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)

ENGINN SKILINN ÚT UNDAN einkunnagjöfin er metin út frá ójafnrétti í fjórum megin þáttum: fátækt, þjónusta, kyni og innkomu. Mynd 7 sýnir ENGINN-SKILINN-ÚT-UNDAN einkunn þáttökulanda:




Mynd 7: ENGINN-SKILINN-ÚT-UNDAN-einkunn þáttökulanda í SUSTAINBLE verkefninu.
Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)



Mynd 8: Kort af ENGINN-SKILINN-ÚT-UNDAN-einkunn þáttökulanda í SUSTAINBLE verkefninu.
Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)

MEDALTAL einkunnin sameinar niðurstöður allra flokka.



Mynd 9: MEDALTAL-einkunn þátttökulanda í SUSTAINBLE verkefninu.

Heimild: Aðlagðar upplýsingar úr The Europe Sustainable Development Report (2020)

6 Aðgerðir þátttökulanda í ESB sem snúa að vitundarvakningu með áherslu á heimsmarkmiðin

Í eftirfarandi töflum eru dæmi um aðgerðir hvers lands fyrir sig í átt að uppfyllingu á heimsmarkmiðunum.

6.1 Belgía



Mynd 10: BELGÍA, yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020.

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/belgium>)

BELGÍA Dæmi #1

Tafla 6: BELGÍA Dæmi #1: Heimsmarkmiðin í Belgíu (Opinber vefsíða um heimsmarkmiðin í Belgíu)

Nafn	Heimsmarkmiðin í Belgíu (Opinber vefsíða um heimsmarkmiðin í Belgíu)
Slóð	http://www.sdgs.be
Fulltrúi	Opinbera stofnunin um sjálfbæra þróun (The Federal Institute for Sustainable Development)
Landsvæði	Staðbundið, svæðisbundið, innlent, innan ESB.
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	Öll
Stutt lýsing	Vefsíðan miðar að því að kynna heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun í Belgíu. Með vefsíðunni er hægt að kynna aðgerðir og átaksverkefni, sem við koma heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun, í allri Belgíu. Vefsíðan heldur utan um upplýsingar um sjálfbæra þróun í Belgíu og gerir almenningi kleift að fylgjast með hversu vel gengur að uppfylla heimsmarkmiðin í landinu. Að þessu leyti styður vefsíðan sérstaklega við heimsmarkmið 12.8 "Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna."
Sjálfbærni	Opinbera stofnunin um sjálfbæra þróun (The Federal Institute for Sustainable Development) stofnaði vefsíðuna árið 2021. Stofnunin sjálf var stofnuð árið 2002, rétt eftir alþjóðlega fundinn um sjálfbæra þróun sem fór fram í Jóhannesborg.
Yfirlýsing	Yfirlýsing hugmyndaþingarinnar ætti að vera einföld þar sem um er að ræða vitundarvakningu og fræðslu um sjálfbæra þróun og lífnaðarhætti í sátt við náttúruna. Hugmyndin að safna saman upplýsingum, átaksverkefnum og niðurstöðum sem við koma heimsmarkmiðunum á einn stað er góð og auðveldar yfirlýsingu.
Mikilvægi	Vefsíðan sýnir yfirlit um nánast öll átaksverkefni í Belgíu, einnig menntunaráttök í heimsmarkmiðunum. Auk þess að miðla upplýsingum inniheldur vefsíðan einnig efni sem hentar til náms og hugmyndir um hvernig betur megji standa við heimsmarkmiðin.
Einkunn	5. Verkefnið er mjög mikilvægt þar sem það er gagnlegt á öllum stigum sjálfbærrar menntunar, allt frá almennri vitundarvakningu til flóknara náms og vinnubragða kennara og fólks almennt.

Heimild: sótt af <http://www.sdgs.be>

BELGÍA Dæmi #2

Tafla 7: BELGÍA Dæmi #2: Siðmenningarleikur.

Nafn	Siðmenningarleikur
Slóð	http://www.level21.be
Fulltrúi	Level21 (Belgísk félagasamtök)
Landsvæði	Staðbundið, svæðisbundið, innlent, ESB.
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	Öll
Stutt lýsing	Level21 eru Belgísk félagasamtök sem hanna leiki ætlaða námi sem skólar og aðrar menntastofnanir geta fengið að láni. Samtökin bjóða upp á nám, þjálfun og hópavinnu ætlað kennurum til að fræðast um nám í leik. Fjölskyldur, nemendur, kennarar og aðrir geta heimsótt höfuðstöðvar þeirra og fengið að spila leiki. Nýlega hófu samtökin nýtt verkefni þar sem leikur var hannaður í kring um heimsmarkmiðin. Leikurinn kallast "Siðmenningarleikur" og er á beta stigi. Leiknum er beint til kennara, ætlaður til notkunar í kennslu. Markmið leiksins er að búa til nýja siðmenningu á annarri plánetu. Lögð eru fram verkefni tengd heimsmarkmiðunum fyrir nemendur að takast á við, fyrir hvert unnið verkefni öðlast nemendur efnivið sem nýtist í uppbyggingu borgar í leiknum. Leikurinn leiðir af sér að nemendur verða meðvitaðir um heimsmarkmiðin og þau vandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir í samtímanum.
Sjálfbærni	Leikurinn er enn í vinnslu en eftir að hann verður tilbúinn verður til sjálfbær afurð sem hægt er að spila í áráraðir, í margvíslegu samhengi.
Yfirfærsla	Verkefnið ætti að vera auðvelt til yfirfærslu þar sem um er að ræða nám í leik. Auðvelt ætti að vera að þýða leikinn svo hægt sé að miðla honum til annarra landa.
Mikilvægi	Verkefnið er mikilvægt og viðeigandi þar sem það gerir nám um heimsmarkmiðin skemmtilegra, eykur meðvitund og ábyrgð nemenda og auðveldar kennslu.
Einkunn	5. Verkefnið er mjög mikilvægt þar sem það er gagnlegt á öllum stigum sjálfbærrar menntunnar, allt frá almennri vitundarvakningu til flóknara náms og vinnubragða kennara og fólks almennt.

Heimild: sótt af <http://www.level21.be>

6.2 Þýskaland



Mynd 11: ÞÝSKALAND, yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/germany>)

ÞÝSKALAND Dæmi #1

Tafla 8: ÞÝSKALAND Dæmi #1: Gæðamerking fyrir samtök um sjálfbærni

Nafn	Gæðamerking fyrir samtök um sjálfbærni
Slóð	https://nhz-th.de/bne.html
Fulltrúi	Miðstöð sjálfbærni í Thuringia (The Thuringian centre of sustainability)
Landsvæði	Svæðisbundið
Hagræn vídd	Umhverfisleg
Heimsmarkmið	6, 11, 13 og 16
Stutt lýsing	Miðstöð sjálfbærni í Thuringia var stofnuð árið 2011. Miðstöðin er vel þekkt innan Þýskalands og er rekin af Bæjarfélagi Thuringia. Markmið miðstöðvarinnar er að fræða, upplýsa og leiðsegja bæjarbúum og einstaklingum í bæjar- og sveitarstjórn. Miðstöðin styður við samfélög í breytingum að sjálfbærari háttum, heilbrigðari lífstíl með minni áhrif á loftslagsbreytingar og þess háttar. Einnig er boðið upp á kennslufni sem tekur mið af heimsmarkmiðunum. Miðstöðin byggir á alþjóðlegu menntaátaki UNESCO og hefur þróað gæðamerkingu fyrir fyrirtæki sem vinna að menntun um og fyrir heimsmarkmiðin. Miðstöðin styður við og fylgist með fyrirtækjum og stofnunum sem fræða fólk um heimsmarkmiðin og meta hvort þau standist ákveðnar kröfur til þess að öðlast gæðamerkingar fyrir menntun um sjálfbæra þróun.
Sjálfbærni	Gæðamerkingin hófst árið 2019 og hafa nú þegar 3 stofnanir/fyrirtæki farið í gegnum gæðamatið.
Yfirfærsla	Verkefnið er hægt að yfirfæra upp að vissu marki, stofnun eins og þessi krefst fjárveitingar.
Mikilvægi	Verkefnið er mikilvægt og styður vel við heimsmarkmiðin. Ferlið að öðlast gæðamerkingar fyrir að vera stofnun sem stendur fyrir fræðslu um og fyrir sjálfbæra þróun gæti verið sérlega áhugavert. Í ferlinu felst mikill stuðningur og viðurkenning á málefnum sjálfu og þeim stofnunum sem hlotið hafa gæðamerkinguna.
Einkunn	5 – Þar sem miðstöðin getur komið að notum sem fyrirmynd annarra stofnanna sem hafa áhuga á að gera hið sama og styðja við menntun til sjálfbærrar þróunar.

Heimild: sótt af <https://nhz-th.de/bne.html>

ÞÝSKALAND Dæmi #2

Tafla 9: ÞÝSKALAND Dæmi #2: Umskipti vatns

Nafn	Umskipti vatns
Slóð	https://atiptap.org/
Fulltrúi	atip:tap
Landsvæði	Staðbundið, innlent og innan ESB
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	4, 6, 12 og 13
Stutt lýsing	Atip:tap eru samtök sem byrjuðu sem grasrótarsamtök en hafa síðan þá vaxið til muna. Megin markmið þeirra er að berjast gegn stóru vatnsfyrirtækjunum og einokun þeirra á sölu á vatni í flöskum en í Þýskalandi er vel drykkjarhæft vatn í krönum. Markmið þeirra er einnig að berjast gegn örplasti í drykkjarvatni. Atip:tap samanstendur af sjálfbóðaliðum auk launaðra starfsmanna sem styðja við fyrirtæki, stofnanir og aðra til þess að hætta að kaupa vatn í flöskum og byrja að nýta vatnið í krananum. Atip:tap stendur einnig fyrir fræðslu um efnið og býður upp á eftirlit og stuðning við breytingarnar.
Sjálfbærni	Atip:tap hafa starfað í 10 ár. Helstu verkefni þeirra eru fræðsla í skólum, samtökum og fyrirtækjum. Kennsla getur verið á staðnum eða rafrænt og staðið yfir frá einum degi og upp í heila viku.
Yfirfærsla	Yfirfærsla hugmyndarinnar fer algjörlega eftir vatnsgæðum kranavatns á hverjum stað fyrir sig. Þar sem kranavant er drykkjarhæft er vel hægt að koma af stað svipuðum samtökum til að berjast gegn átöppun vatns á flöskur.
Mikilvægi	Mikilvægt þar sem þetta getur átt við allmörg fyrirtæki og stofnanir.
Einkunn	5: "Ímyndaðu þér að geta bjargað heiminum með því að vera sparsamur og latur"

Heimild: <https://atiptap.org/>

6.3 Spánn



Mynd 12: SPÁNN, yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/spain>)

SPÁNN Dæmi #1

Tafla 10: SPÁNN Dæmi #1: ESenRED (Tengdir spænskir skólar í átt að sjálfbærni)

Nafn	ESenRED (Tengdir spænskir skólar í átt að sjálfbærni)
Slóð	https://www.miteco.gob.es/es/ceneam/recursos/mini-portales-tematicos/ESenRED/que-es-esenred.aspx
Fulltrúi	Spænska ráðuneyti umhverfisbreytinga og lýðræðislegra áskorana (the Spanish Ministry for eco transition and demographic challenge)
Landsvæði	Staðbundið, svæðisbundið, innlent eða innan ESB.
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	Öll
Stutt lýsing	<p>ESenRED er opinber spænsk vefsíða sem heldur utan um net menntastofnanna, utan háskólastigs, sem stuðla að sjálfbærni í menntun. Menntastofnanirnar taka þátt af frumkvæði opinberra stjórnvalda (t.d. sveitarfélaga). ESenRED er samfélag þar sem allir meðlimir geta brugðist við og tekið ábyrgð á sjálfbærni í menntun og þannig skapað samstarf í gegnum netið.</p> <p>Samfélagið býður upp á leið til að taka sameiginlega ábyrgð, þar sem fulltrúar allra meðlima leggja sitt af mörkum með mismunandi hlutverkum, sem leiðir til dreifðrar og sameiginlegrar forystu. Nemendur virðast vera miðpunktur allrar starfseminnar og kennarar drifkrafturinn í þeim umhverfismenntunarferlunum sem verið er að kynna.</p> <p>Í júlí 2020 voru meðlimir tengslanetsins frá 4412 menntastofnunum, þar sem 1.690.000 nemendur og 110.00 kennarar tóku þátt.</p>
Sjálfbærni	Verkefnið hófst árið 2010 og hefur síðan þá fengið stuðning frá bæði hægri og vinstri flokkum ríkistjórnarinnar.
Yfirfærsla	Möguleikar til yfirfærslu eru miklir þar sem hugmyndin er einföld: Tengslanet af tengslanetum fyrir mennastofnanir utan háskólastigs til að efla kennslu um sjálfbæra þróun.
Mikilvægi	Verkefnið er mikilvægt og viðeigandi vegna þess að markmiðið er að skapa grundvöll þar sem menntastofnanir geta skipst á hugmyndum og aukið aðgerðir í átt að sjálfbærri þróun.
Einkunn	5. mjög viðeigandi verkefni sem nýtist á öllum stigum menntunar um sjálfbæra þróun.

Heimild: sótt af <https://www.miteco.gob.es/es/ceneam/recursos/mini-portales-tematicos/ESenRED/que-es-esenred.aspx>

SPÁNN Dæmi #2

Tafla 11: SPÁNN Dæmi #2: NATURALIZA, virkt umhverfisnám

Nafn	NATURALIZA, Virkt umhverfisnám
Slóð	https://www.naturalizaeducacion.org/
Fulltrúi	ECOEMBES (Ecoembalajes España, SA), einkarekið fyrirtæki rekið án hagnaðar.
Landsvæði	Innlent
Hagræn vídd	Umhverfisleg
Heimsmarkmið	12, 13 og efling á hringrásarhagkerfi
Stutt lýsing	Naturaliza er verkefni sem miðar að því að auka gildi umhverfisins og náttúrunnar í menntakerfinu. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á þverfaglega kennslu um umhverfið í aðal námsgreinum: náttúruvísindum, félagsvísindum, stærðfræði og spænsku þar sem lögð er áhersla á hópavinnu og verkefnamiðað nám. Verkefnið er hannað fyrir kennara og boðið upp á kennsluþjálfun og aðstoð við gerð á umhverfissvænni kennsluskra. Markmið verkefnisins er einnig að stuðla að hringrásarhagkerfi með því að gera ungu kynslóðina meðvitaða um endurvinnslu og flokkun.
Sjálfbærni	Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2018.
Yfirfærsla	Möguleikarnir á yfirfærslu eru miklir þar sem hugmyndin er einföld.
Mikilvægi	Markmið verkefnisins er endurvinnsla og kynning á hringrásarhagkerfi með fyrirbyggjandi aðferðum. Verkefnið stuðlar því að aukinni vitund almennings um mikilvægi endurvinnslu og eflingar á hringrásarhagkerfi hjá fólki á öllum aldri.
Einkunn	4, ástæður útskýrðar hér að framan.

Heimild: sótt af <https://www.naturalizaeducacion.org/>

6.4 Írland



Mynd 13: ÍRLAND, yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/ireland>)

ÍRLAND Dæmi #1

Tafla 12: Írland dæmi #1: Ráðgjafar raf-málstofur

Nafn	Ráðgjafar raf-málstofur
Slóð	https://www.esbnetworks.ie/power-outages-updates/search-results?indexCatalogue=site%2Dsearch&searchQuery=Consultation&wordsMode=0
Fulltrúi	Electrical Supply Bord (ESB)
Landsvæði	Innlent
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	7, 11 og 13
Stutt lýsing	The Electrical Supply Bord er írská rafmagnsveitan sem framleiðir og dreifir rafmagn í landinu. Rafmagnsveitan sér um röð málstofa sem haldnar eru á netinu. Á málstofunum fer fram ráðgjöf til hagsmunaaðila um breytingar og fjárfestingar í umhverfisvænni orku og hvernig best sé að tryggja framtíð með lágt kolefnispor. Einnig er farið yfir hvernig hagsmunaaðilar geta unnið saman til að takast á við loftslagsbreytingar og hvað breyting í umhverfisvæna orku mun þýða fyrir viðskiptavinum og almenna borgara í Evrópu.
Sjálfbærni	Verkefnið er nýtt á nálinni og hófst árið 2020
Yfirfærsla	Málstofurnar voru vel skipulagðar þar sem fram komu margir góðir fyrirlesarar. Þátttakendur gátu sent inn spurningar á meðan á málstofunni stóð sem síðan var svarað í beinni útsendingu.
Mikilvægi	Það að opinbera rafmagnsveitan tiki þátt í að fræða almenning um loftslagsbreytingar og sjálfbærni er afar mikilvægt og getur að öllum líkindum haft marktæk áhrif og komið af stað stórum breytingum.
Einkunn	3.5, verkefnið tengist vel inn á sjálfbærnihugtakið.

Heimild: sótt af <https://www.esbnetworks.ie/power-outages-updates/search-results?indexCatalogue=site%2Dsearch&searchQuery=Consultation&wordsMode=0>

ÍRLAND Dæmi #2

Tafla 13: ÍRLAND Dæmi #2: Alþjóðleg samstöðunefnd

Nafn	Alþjóðleg samstöðunefnd
Slóð	https://www.ictu.ie/
Fulltrúi	Samtök írskra verkalyðsfélaga
Landsvæði	Innlent, innan ESB
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	1-5, 8, 10, 13, 16 og 17
Stutt lýsing	Samtök írskra verkalyðsfélaga (The Irish Congress of Trade Union, ICTU) eru stærstu samtök verkalyðsfélaga Írlands. Félagið er í forsvari fyrir um 800.000 starfandi einstaklinga á Írlandi. Í dag tilheyra 44 verkalyðsfélög samtökunum. Helsta markmið samtakanna er að ná fram réttlátu samfélagi þar sem réttur allra starfsmanna og borgara til að njóta velmegunar er jafn. Samtökin vilja góð lífsgæði fyrir alla sem fela ekki einungis í sér efnahagslega velferð heldur einnig frelsi til að stunda listir, menningu og aðra þætti í lífi borgaranna. Samtökin hafa stofnað alþjóðlega samstöðunefnd (global solidarity committee) sem hefur það hlutverk að taka þátt í starfsemi og viðburðum sem tengjast heimsmarkmiðunum, mannréttindum og þróunaraðstoð. Nefndin hefur nýlega sett fram aðgerðaáætlun fyrir árið 2021 þar sem aðal markmiðin eru að skapa meðvitund um heimsmarkmiðin innan vinnustaða, stjórn mála og í samfélaginu almennt.
Sjálfbærni	Alþjóðlega samstöðunefndin (The Global Solidarity Committee) hefur verið starftæk í yfir 10 ár. Nefndin skipuleggur herferðir, málstofur, vefnámskeið og annað sem tengist heimsmarkmiðunum og reynir að hafa jákvæð áhrif á stjórnvöld og innlendar stofnanir.
Yfirfærsla	Af nefndinni er hægt að læra hvernig best er að hafa jákvæð áhrif á aðra, þá færni er vel hægt að yfirfæra yfir á aðrar stofnanir.
Mikilvægi	Samvinna eða samskipti við nefndina myndi veita viðkomandi aðila þekkingu og færni varðandi skipulagningu og miðlun.
Einkunn	4

Heimild: sótt af <https://www.ictu.ie/>

6.5 Ítalía



Mynd 14: ÍTALÍA, yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020.

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/italy>)

ÍTALÍA Dæmi #1

Tafla 14: ÍTALÍA Dæmi #1: Grænir skólar í Lombard

Nafn	Grænir skólar í Lombard
Slóð	https://www.green-school.it/
Fulltrúi	Aspem – Associazione Solidarietà Paesi Emergenti Onlus
Landsvæði	Svæðisbundið
Hagræn vídd	Umhverfisleg
Heimsmarkmið	6, 7, 10, 12, 13 og 14
Stutt lýsing	<p>Markmið verkefnisins er að miðla þekkingu um umhverfisáskoranir í borgarsamfélagi, stuðla að aðgerðum og virkja þátttöku íbúa, skóla og annarra stofnana í Lombard til að vernda umhverfið og berjast gegn loftslagsbreytingum. Stefnt er að því að aðstoða skóla á Lombard svæðinu til þess að verða “grænir skólar” með kennsluefni, leiðbeiningum, þjálfun og tæknilegri aðstoð til þess að gera daglegar athafnir skólanna umhverfisvænni. Almennir íbúar eru hvattir til þess að taka þátt í viðburðum og sýna vitund og virka þátttöku í heimsmarkmiðunum. Starfsmenn stofnana á svæðinu eru hvattir til að taka þátt í aðgerðum sem draga úr umhverfisáhrifum sem skrifstofur þeirra valda. Einnig berst verkefnið fyrir fjölgun grænna svæða í bæjum til að styðja við umhverfisfræðslu og stuðla að frekari sjálfbærni.</p> <p>Verkefnið er leitt af ASPEM (Samtök um samstöðu fyrir þróunarlönd, Association of solidary for emerging countries) og AICS (Ítalska stofnunin fyrir þróunarsamvinnu, the Italian Agency for Development Cooperation) en 22 önnur félagasamtök og sveitarfélög á svæðinu taka einnig þátt í verkefninu.</p>
Sjálfbærni	Verkefnið hófst árið 2009. Skólaárið 2019/2020 náði verkefnið héraðsstigi með stuðningi frá Veresehéraðinu. Með hjálp Varesehéraðsins varð verkefnið grænir skólar í Lombard að veruleika.
Yfirfærsla	Verkefnið hefur góða möguleika á yfirfærslu yfir í aðra ítalska bæi þar sem skólar, fyrirtæki, opinberar stofnanir og samtök eru tengd.
Mikilvægi	Mikið
Einkunn	3 - 4: Verkefnið er gott dæmi um hvernig hægt er að mynda tengslanet milli almennings, skólakerfisins og annarra stofnana og efla sjálfbæra þróun.

Heimild: <https://www.green-school.it/>

ÍTALÍA Dæmi #2

Tafla 15: ÍTALÍA Dæmi #2: Ítölsku samtökin um sjálfbæra þróun (ASVIS)

Nafn	Ítölsku samtökin um sjálfbæra þróun (ASVIS) - <i>Alleanza Italiana per lo sviluppo Sostenibile</i>
Slóð	https://asvis.it/
Fulltrúi	Fondazione Unipolis e Università di Roma "Tor Vergata"
Landsvæði	Innlent
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félagsleg, efnahagsleg)
Heimsmarkmið	Öll
Stutt lýsing	<p>ASviS eru ítölsk samtök stofnuð 3. febrúar 2016 af „Unipolis foundation“ og Háskólanum í Róm. Markmið samtakanna er að auka meðvitund ítalska samfélagsins á mikilvægi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og auka metnað þeirra til að uppfylla markmiðin. Samtökin stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neysluvenjum, greiningu á þeim áhrifum og tækifærum sem heimsmarkmiðin hafa fyrir Ítalíu, framlagi til stefnumótunar Ítalíu til að ná fram markmiðunum og utanumhaldi og miðlun á framgangi Ítalíu í átt að uppfyllingu heimsmarkmiðanna.</p> <p>Í dag sameina samtökin 290 mikilvægustu stofnanir og tengslanet borgaralegs samfélags; fyrirtæki, verkalyðssamtök, háskóla, einkareknar og opinberar rannsóknamiðstöðvar, stofnanir og ítölsk verkefni um sjálfbæra þróun sem tilheyra alþjóðlegum samtökum.</p>
Sjálfbærni	Mikið vægi, hefur starfað síðan 2016.
Yfirfærsla	Góður upphafsreitur til þess að auka meðvitund, vitneskju og þátttöku samfélagsins í uppfyllingu á heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.
Mikilvægi	Heimasíðan er án efa gagnleg til þess að auka vitneskju og meðvitund um áskoranir tengdum heimsmarkmiðunum, þar sem þar er að finna fjöldann allan af greinum, fréttum, skýrslum og viðburðum tengdum heimsmarkmiðunum.
Einkunn	4, þar sem þetta er góður byrjunarreitur til þess að verða meðvitaður um aðgerðir Ítalíu vegna heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heimild: sótt af <https://asvis.it/>

6.6 Ísland



Mynd 15: ÍSLAND yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/iceland>)

ÍSLAND Dæmi #1

Tafla 16: ÍSLAND Dæmi #1: Vistheimt

Nafn	Vistheimt
Slóð	https://landvernd.is/graenfaninn/vistheimt-skolar/
Fulltrúi	Landvernd
Landsvæði	Staðbundið, innlent og alþjóðlegt
Hagræn vídd	Umhverfis- og félagsleg
Heimsmarkmið	3, 4, 13, 14 og 15
Stutt lýsing	Vistheimt með skólum er verkefni Landverndar í samvinnu við Landgræðsluna sem vinnur að vistheimt með grunn- og framhaldsskólum víða um land. Verkefnið sem beinir sjónum nemenda að endurheimt náttúrulegra gæða og mikilvægi þeirra fyrir gróður og jarðveg, líffræðilega fjölbreytni og baráttuna við loftslagsbreytingar. Lögð er áhersla á að nemendur læri landlæsi, skilji orsakir og afleiðingar flókinna hnattrænna umhverfisvandamála um leið og þeir taka þátt í að leysa þau. Þátttakendur verkefnisins fá tækifæri til að feta í fótspor vísindafólks með náinni samvinnu Landverndar, Landgræðslunnar og þátttökuskóla. Nemendur og kennarar vinna með færustu sérfræðingum að tilraunum á örfoka landi, mælingum á framvindu gróður- og dýrasamfélaga og að verkefnum í tengslum við endurheimt votlendis. Nemendur læra leiðir til að binda kolefni og auka líffræðilegan fjölbreytileika svæða. Lögð er áhersla á að nemendur komi með sínar eigin hugmyndir og að verkefnin séu uppbyggileg, jákvæð og lausnamiðuð.
Sjálfbærni	Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2013. Árið 2017 var kennsluefnið “Vistheimt fyrir gróðursnautt land” gefið út fyrir grunnskóla og árið 2021 kemur út kennsluefni ætlað unglungum og ungu fólki.
Yfirfærsla	Verkefnið er auðvelt að yfirfæra, hægt að hefja svipaða kennslu í öðrum löndum. Sambærilegar áskoranir á sviði vistheimtar eru til staðar í mörgum löndum og viss umhverfismál eru hnattræn.
Mikilvægi	Verkefnið fellur vel inn í SUSTAINABLE verkefnið þar sem það snýst um að fræða ungu kynslóðina og efla þau til þátttöku í alþjóðlegum umhverfismálum. Með verkefninu er stuðlað að aukinni hæfni ungs fólks til að skilja orsakir, afleiðingar og samspil á sviði umhverfismála.
Einkunn	5 – góð kennsluáferð sem felst í þátttöku. Eykur skilning á heimsmarkmiðunum og flóknum alþjóðlegum vandamálum almennt.

Heimild: sótt af <https://landvernd.is/graenfaninn/vistheimt-skolar/>

ÍSLAND Dæmi #2

Tafla 17: ÍSLAND Dæmi #2: Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Nafn	Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna
Slóð	https://www.heimsmarkmidin.is/default.aspx?pageid=a245d81e-7213-47ae-a90b-1c07189fa681
Fulltrúi	Skrifstofa forsætisráðherra
Landsvæði	Innlent
Hagræn vídd	Allar (umhverfisleg, félags-efnahagsleg)
Heimsmarkmið	Öll
Stutt lýsing	<p>Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er styrkt af ríkinu. Eitt af meginstefnum heimsmarkmiðanna er samvinna milli ólíkra hagsmunaaðila, þ. á m. ungmenna, við innleiðingu markmiðanna. Í ljósi þess, og einnig 12. og 13. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveða skýrt á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif á málefni er þau varða, var ákveðið að virkja þátttöku ungmenna á Íslandi í gegnum ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Er það í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um að framfylgja skuli ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, m.a. um aukin áhrif barna í samfélaginu.</p> <p>Meginmarkmið ungmennaráðsins er að vekja athygli á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun, bæði meðal jafningja sem og samfélagsins í heild sinni. Ungmennaráðinu er ætlað að vera lífandi vettvangur þar sem heimsmarkmiðin og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi og rædd með gagnrýnum og lausnamiðuðum hætti. Ungmennum er með þessum hætti gefinn vettvangur til að vekja athygli á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og skapa þannig jafningjum tækifæri til að láta rödd sína heyrast um fyrrgreind málefni.</p> <p>Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna samanstendur af tólf fulltrúum, frá öllum landshlutum, á aldursbilinu 13-18 ára. Ungmennaráðið kemur saman sex sinnum á ári og fundar þess á milli í gegn um fjarfundarbúnað. Þá fundar ungmennaráðið árlega með ríkisstjórn og jafnframt áheyrnarfulltrúa í verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin. Hlutverk ráðsins er að fræðast og fjalla um heimsmarkmiðin ásamt því að koma sínum áherslumálum á framfæri og miðla gagnvirku efni á samfélagsmiðlum um markmiðin og sjálfbæra þróun. Ungmennaráðið veitir jafnframt stjórnvöldum, í gegnum verkefnastjórn heimsmarkmiðanna, ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna.</p>
Sjálfbærni	Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2018. Öllum börnum á Íslandi er boðið að sækja um þátttöku í nefndinni og sérstakt teymi sem samanstendur meðal annar af ungu fólki sér um að velja inn í nefndina og passa að nefndin sé sem fjölbreyttust.
Yfirfærsla	Auðvelt yfirfærsla til aukinnar meðvitundar í öllum samfélagshópum.
Mikilvægi	Mjög mikilvægt og viðeigandi fyrir SUSTAINABLE verkefnið þar sem megin gildi verkefnisins er aukin meðvitund um heimsmarkmiðin og viljinn til þess að nýta hvert tækifæri sem gefst til þess að leggja sitt af mörkum.
Einkunn	5 – Góð leið til þess að auka umræðu, meðvitund og samvinnu sem þarf til að takast á við heimsmarkmiðin.

Heimild: sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/default.aspx?pageid=a245d81e-7213-47ae-a90b-1c07189fa681>

6.7 Rúmenía



Mynd 16: RÚMENÍA yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/romania>)

RÚMENÍA Dæmi #1

Tafla 18: RÚMENÍA Dæmi #1: REPER21

Nafn	REPER21 Evrópskt tengslanet til eflingar á ábyrgu hagkerfi á 21. öldinni (European Network for the Promotion of a Responsible Economy, 21st century)
Slóð	http://reper21.ro/about-us/
Fulltrúi	REPER21
Landsvæði	Innlent
Hagræn vídd	Umhverfis- og samfélagsleg
Heimsmarkmið	4, 8, 11, 12, 15, 16 og 17
Stutt lýsing	REPER21 eru samtök hafa mikla reynslu á kynningu og eflingu á samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærri þróun. Samtökin voru stofnuð árið 2006 og hafa á þessum árum staðið fyrir margvíslegum verkefnum sem tengjast samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærri þróun, með megin áherslu á aðgerðir vegna loftslagsbreytinga og menntunar. Helstu markhópar verkefnanna eru ungt fólk, félagasamtök og menntastofnanir og hafa samtökin unnið með yfirvöldum og stéttarfélögum til að hafa áhrif á þessa hópa. Um þessar mundir vinna meðlimir samtakanna kerfisbundið í margvíslegum innlendum málum og aðgerðum í loftslagsmálum. Auk þess sjá samtökin um Facebook hópinn “Loftslags hringrásin” (Cercul climatic) sem hefur yfir 1500 fylgjendur. Á árunum 2016 til 2018 skipulagði REPER21 Erasmus+ verkefnið „Skills for Climate Change Education (ESC) in vulnerable communities” (www.competenceslimatiques.eu) sem miðar af því að þróa kennslufræðilega færni í viðkvæmum samfélögum til að auka fræðslu og meðvitund um hnattræn málefni.
Sjálfbærni	Mikið vægi, samtökin hafa verið starfandi í 15 ár og á þeim tíma unnið náið með rúmensku ríkistjórninni, menntamálaráðuneytinu og rúmenska Erasmus + NA.
Yfirfærsla	Yfirfærsla á hugmyndinni ætti að vera einföld í framkvæmd: Tenglanet sem styður sjálfbæra þróun.
Mikilvægi	Yfir 1300 rúmenskir kennarar hafa hlotið þjálfun í miðlun sjálfbærrar þróunar til nemenda (Prof21, https://prof21.ro/).
Einkunn	5. Samtökin hafa þróað og notað kennsluefni, aðferðir og aðgerðir fyrir sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð.

Heimild: sótt af <http://reper21.ro/about-us/>

RÚMENÍA Dæmi #2

Tafla 19: RÚMENÍA Dæmi #2: Szentábrahámí” Jurtagarðurinn í Transylvíu

Nafn	Jurtagarðurinn í Transylvaníu (Szentábrahámí”)
Slóð	https://www.szentabrahami.ro/en/ , https://www.facebook.com/SzentAbrahami
Fulltrúi	Szentábrahámí” Transylvanian Herb Garden
Landsvæði	Öll
Hagræn vídd	Allar
Heimsmarkmið	1, 3, 4 8, 11, 12, 13, 15 og 17
Stutt lýsing	“Szentábrahámí” jurtagarðurinn er fyrsti umhverfsvottaði jurta- og kryddgarðurinn í Transylvaníu. Þar er að finna yfir 60 tegundir lækningajurta, ræktaðar á hefðbundinn máta með umhverfsvænum aðferðum. Lækningajurtirnar eru unnar í höndunum í vinnusmiðjum og seldar sem te. Garðurinn og vinnusmiðjurnar eru reknar af Emese Csiki, stofnanda og eiganda staðarins. Jurtagarðurinn ræður inn atvinnulausa einstaklinga af svæðinu, varðveitir menningararf og menntar heimamenn og ferðamenn um heilbrigðan lífstíl, hvernig lífræn ræktun styður við líffræðilegan fjölbreytileika og gildi þess að nota staðbundnar auðlindir til að efla hagkerfi. Garðurinn og framleiðsla hans laðar að sér ferðamenn inn á svæðið og styður þannig frekar við eflingu hagkerfis bæjarins. Auk þess notar fyrirtækið einungis endurvinnanlegar umbúðir og leggur áherslu á að sem minnstur úrgangur verði til við framleiðslu, meðal annars með moltugerð.
Sjálfbærni	Jurtagarðurinn er lítið fjölskyldurekið fyrirtæki sem stofnað var árið 2012. Starfsemin er í stöðugum vexti þar sem sífellt er unnið að þróun nýrra aðferða og hugmynda.
Yfirfærsla	Auðvelt er að yfirfæra hugmyndina til annarra staða/landa þar sem hún krefst ekki mikillar innviða né mannauðs.
Mikilvægi	Eigandi Jurtagarðarins telur að það sé afar mikilvægt að eigendur/stjórnendur fyrirtækja hvetji viðskipavini sína til að taka þátt í sjálfbærri þróun, með því að minnka eigin úrgang, endurvinna og endurnýta, nota orkusparandi vörur með minna kolefnisþori og almennt lifa á sem umhverfsvænstan máta og hægt er.
Einkunn	5. Vegna þátttöku þeirra í aukinni meðvitund á mikilvægi sjálfbærrar þróunar og heilbrigðs lífstíls.

Heimild: sótt af <https://www.szentabrahami.ro/en/>, <https://www.facebook.com/SzentAbrahami>

RÚMENÍA Dæmi #3

Tafla 20: RÚMENÍA Dæmi #3: ARDLL, Rúmenska félagið um sjálfbæra þróun

Nafn	ARDLD, Rúmenska félagið um sjálfbæra þróun
Slóð	https://www.arldd.ro/en/projects/
Fulltrúi	ARDLD
Landsvæði	Öll
Hagræn vídd	Umhverfis- og efnahagsleg
Heimsmarkmið	3, 4, 8,9, 10, 11, 12, 13, 15, 16 og 17.
Stutt lýsing	Rúmenska félagið um sjálfbæra þróun eru félagasamtök rekin án hagnaðar. Samtökin vinna með opinberum stofnunum, félagasamtökum, einkafyrirtækjum og fjárfestum sem vilja leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar í Rúmeníu. Félagið skipuleggur herferðir til að vekja athygli á mikilvægi sjálfbærrar þróunar og styður við fyrirtæki til breytinga yfir í sjálfbærari hætti. ARDLL berst fyrir því að sameiginlega verði unnið að heimsmarkmiðunum 17 með þátttöku yfirvalda, sveitastjórna, fyrirtækja og almennings í samfélaginu. Auk þess stendur ARDLL fyrir verkefnum “Heilsa og menntun með íþróttum” og “Leiðtogar fyrir sjálfbæra framtíð”.
Sjálfbærni	Félagið var stofnað árið 2000 með það megin markmið að innleiða heimsmarkmiðin í Rúmeníu.
Yfirfærsla	Mikil þar sem hugmyndin er einföld og styrkir tengingu almennings við menntakerfið.
Mikilvægi	Mikið vegna þess að félagið hamrar á mikilvægi sjálfbærrar framtíðar og menntunar.
Einkunn	4 þar sem félagið stefnir að því að auka meðvitund og menntun þeirra sem geta hjálpað komandi kynslóðum að átta sig á mikilvægi sjálfbærrar þróunar.

Heimild: sótt af <https://www.arldd.ro/en/projects/>

RÚMENÍA Dæmi #4

Tafla 21: RÚMENÍA Dæmi #4: Samfélagsþróun Harghita

Nafn	Samfélagsþróun Harghita, (ADI Harghita)
Slóð	https://www.adiharghita.ro/
Fulltrúi	ADI Harghita
Landsvæði	Innlent og staðbundið
Hagræn vídd	Allar
Heimsmarkmið	1, 3, 4, 6, 11, 12, 13, 15, 16 og 17
Stutt lýsing	Samtökin um samfélagsþróun í Harghita (The Harghita Community Development Association, ADI Harghita) voru stofnuð árið 2009 af sveitarstjórn Harghita. Markmið samtakanna er að skapa og viðhalda langtíma samvinnu sveitarstjórnar og stofnana innan svæðisins sem vinna í ferðaþjónustu, sjálfbærri þróun og alþjóðlegum verkefnum. Samtökin vilja tryggja verndun umhverfisins, auka fjölda ferðamenna á svæðinu og tryggja sjálfbæra ferðaþjónustu.
Sjálfbærni	Samtökin voru stofnuð árið 2009 og hafa síðan þá staðið fyrir verkefnum eins og “Ungt fólk í fararbroddi fyrir sjálfbæra lífnaðarhætti”, “Ferðamannameðvitund” og “Verðir vatnsins”.
Yfirfærsla	Miklir möguleikar þar sem hugmyndin er einföld: stuðningur við sjálfbæra ferðaþjónustu á staðbundnum skala.
Mikilvægi	Mjög mikið þar sem samtökin sameina hag hagkerfisins, umhverfisins og samfélagsins.
Einkunn	5

Heimild: sótt af <https://www.adiharghita.ro/>

6.8 Svíþjóð



Mynd 17: SVÍÞJÓÐ yfirlit um stöðu heimsmarkmiðanna 2020

Heimild: Europe Sustainable Development Report 2020 (<https://eu-dashboards.sdgindex.org/profiles/sweden>)

SVÍPJÓÐ Dæmi #1

Tafla 22: SVÍPJÓÐ Dæmi #1: Góð menntun fyrir alla

Nafn	Góð menntun fyrir alla (God utbildning för alla)
Slóð	https://www.skolverket.se/om-oss/var-verksamhet/hallbar-utveckling-och-miljo/agenda-2030-utbildning-och-hallbar-utveckling
Fulltrúi	Sænska menntamálaráðuneytið
Landsvæði	Öll
Hagræn vídd	Allar
Heimsmarkmið	4
Stutt lýsing	Sænska menntamálastofnunin (The Swedish National Agency for Education) er með yfirumsjón með almenna skólakerfinu (public school system) í Svíþjóð. Stofnunin fylgir heimsmarkmiði 4 til að tryggja að menntakerfið mæti ævilangri þörf fólks fyrir menntun, allt frá aðgengi að leikskóla, grunnskóla og framhaldskóla til háskóla og frekari menntunnar auk starfnáms. Fjöldi ólæsra fullorðinna einstaklinga sýnir fram á það að nauðsynlegt er að fullorðið fólk geti sótt menntun. Tryggja þarf jafnan aðgang allra að góðu námi á viðráðanlegu verði, óháð kyni, fötlunum og efnahag fólks. Sjálfbærni er felld inn í allar námskrár og ætti að vera hluti af öllu námi, óháð námsgreinum. Heimsmarkmið 4.7 miðar að því að tryggja að allir nemendur fái þá þekkingu, færni og hæfni sem þarf til að stuðla að sjálfbærri þróun, með menntun sem felur í sér sjálfbæran lífstíl, mannréttindi, jafnrétti, virðingu fyrir menningarlegum fjölbreytileika og eflingu á samfélagi sem byggir á friði og jafnrétti án ofbeldis.
Sjálfbærni	Árið 1999 samþykktu sænsk stjórnvöld 16 innlend sjálfbærnimarkmið sem svipa til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þegar Sameinuðu þjóðirnar samþykktu Heimsmarkmiðin árið 2015 ákváðu sænsk stjórnvöld að Svíþjóð skyldi vera í fararbroddi við að innleiða markmiðin.
Yfirfærsla	Möguleikar á yfirfærslu eru miklir þar sem hægt er að yfirfæra hugmyndina yfir á allar námsgreinar og alla skóla og yfir til annarra landa.
Mikilvægi	Aukin fræðsla kennara um heimsmarkmiðin mun ekki einungis gagnast þeim í starfi heldur einnig hafa áhrif á persónulegan lífstíl þeirra.
Einkunn	4

Heimild: sótt af <https://www.skolverket.se/om-oss/var-verksamhet/hallbar-utveckling-och-miljo/agenda-2030-utbildning-och-hallbar-utveckling>

SVÍÐJÓÐ Dæmi #2

Tafla 23: SVÍÐJÓÐ Dæmi #2: Jafnrétti í iðnnámi

Nafn	Jafnrétti í iðnnámi
Slóð	https://www.jamstalldhetsmyndigheten.se/om-jamstalldhet/sveriges-jamstalldhetspolitik/3-jamstalldutbildning
Fulltrúi	Sænska ríkistjórnin, jafnt aðgengi að námi (equal opportunity education) og sænska menntamálaráðuneytið.
Landsvæði	Staðbundið, innlent
Hagræn vídd	Allar
Heimsmarkmið	5
Stutt lýsing	Jafnrétti kynjanna er grundvallaratriði og skýrt markmið í stjórnarskrá Svíþjóðar. Kynjajafnrétti varð sérstakt stefnumál á áttunda áratugnum og hefur síðan þá verið stefnt að því að konur og karlar hafi sömu tækifæri, réttindi og skyldur á öllum sviðum lífsins. Allar konur og karlar, stelpur og strákar ættu að hafa sömu tækifæri þegar kemur að persónulegum þroska hvað varðar áhugamál, metnað og getu til þess að ná sem mestum árangri án þess að staðalímyndir og væntingar byggðar á kyni hafi áhrif. Menntakerfið er í ábyrgðarstöðu þegar kemur að því að tryggja jöfn tækifæri í persónulegum þroska og unnið er að því að jafna kynjahlutföll innan námsgreina, til dæmis með því auka þann fjölda kvenna sem fer í iðngreinar og þann fjölda karla sem fer í hjúkrunarfræði. Nú er stefnt að því að kynjahlutföll innan flutninga- og samgöngugeirans verði 40/60 og leitast er eftir því að a.m.k 40% einstaklinga í þjálfun séu konur. Við framkvæmd á verkefninu „Aðdráttarafi“ (attraction) sem framkvæmt var af kennurum í hjúkrunarfræði kom í ljós að í kennsluefni hjúkrunarfræðinema var að finna margar staðalímyndir, bæði í textum og myndum. Til þess að jafna kynjahlutföll er mikilvægt að fordæmi séu sýnd fyrir báðum kynjunum í kennsluefni, starfsfólki og kennurum og að starfsfólk og nemendur innan sviðsins átti sig á því að jöfn kynjahlutföll séu til góðs.
Sjálfbærni	Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2016.
Yfirfærsla	Miklir möguleikar.
Mikilvægi	Jafnrétti kynjanna og jöfn kynjahlutföll á vinnustöðum er afar mikilvægt og megin áhersla heimsmarkmiðs nr. 5.
Einkunn	5, mjög viðeigandi.

Heimild: sótt af <https://www.jamstalldhetsmyndigheten.se/om-jamstalldhet/sveriges-jamstalldhetspolitik/3-jamstalldutbildning>

SVÍPJÓÐ Dæmi #3

Tafla 24: SVÍPJÓÐ Dæmi #3: Minnka losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 70% milli áráanna 2010 og 2030

Nafn	Minnka losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 70% milli áráanna 2010 og 2030
Slóð	https://www.regeringen.se/regeringens-politik/transporter-och-infrastruktur/mal-for-transporter-och-in-frastruktur/
Fulltrúi	Sænska ríkisstjórnin
Landsvæði	Svæðisbundið, innlent
Hagræn vídd	Allar
Heimsmarkmið	11
Stutt lýsing	Sænsk stjórnvöld hafa ákveðið að markmið þeirra til að uppfylla heimsmarkmið 11 í samgöngu- og flutningsmálum sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landssamgöngum um að minnsta kosti 70% milli áráanna 2010 og 2030. Markmiðið er afar metnaðarfullt og er þetta meiri hlutfallsleg minnkun á losun en ESB hefur sett markmið um. Bílaumferð er ábyrg fyrir 93% kolefnislosunar, þar af 63% einkabílar og 30% vöruflutningabílar. Eins og er hefur tekist að minnka losun frá samgöngu- og flutningsgeiranum um aðeins 40%. Til að markmiðinu verði náð þarf að tryggja samvinnu stjórnvalda, flutningafyrirtækja og almennings í Svíþjóð og koma af stað vitundarvakningu um vistvænni akstur, mennta, leiðsejja og hvetja almenning og fyrirtæki til að minnka akstur og almennt verða meðvitaðri um afleiðingar losunar gróðurhúsalofttegunda. Nú er í gangi verkefni þar sem unnið er að því að fræða atvinnubílstjóra og ökukennara um vistvænan akstur.
Sjálfbærni	Vonast er til að langtíma áhrifin verði minni losun gróðurhúsalofttegunda með því að kenna atvinnubílstjórum vistvænni akstur og að sjálfbærari akstur atvinnubílstjóra hafi áhrif á akstur þeirra á einkabílum einnig, sem og á nemendum í ökunámi og aðra.
Yfirfærsla	Auðvelt að yfirfæra þar sem of mikil losun gróðurhúsalofttegunda er alþjóðlegt vandamál.
Mikilvægi	Kennsla og efling kennara til að velja vistvænni leiðir og vera hluti af lausninni þegar kemur að minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda getur haft langvarandi áhrif og vonandi komið af stað keðjuverkun á öðrum sviðum sjálfbærrar þróunar.
Einkunn	5, þar sem kennarar geta haft víðtæk áhrif á aðra í kringum sig og hvatt fólk til þess að taka vistvænni ákvarðanir bæði í vinnunni sem og í sínu persónulega lífi.

Heimild: sótt af <https://www.regeringen.se/regeringens-politik/transporter-och-infrastruktur/mal-for-transporter-och-infrastruktur/>

7. Frekari úrræði, rannsóknir og upplýsingar

Á eftirfarandi heimasíðum má nálgast frekari úrræði, rannsóknir og upplýsingar varðandi heimsmarkmiðin í ESB:

REPOSITORY	
How the EU is contributing to the implementation of the 2030 Agenda and towards achieving the Sustainable Development Goals	https://ec.europa.eu/sustainable-development/
SDG-Education 2030 Steering Committees #ActingTogether4education	https://www.sdg4education2030.org/
Global Dimension:	https://globaldimension.org.uk
Signposts for Global Citizenship	https://www.signpostsglobalcitizenship.org
Sustainable Development Goals Explorer	https://developmenteducation.ie/resources/sdgs
The World's Largest Lesson website provides a wealth of background information on all the SDGs, together with teaching tips, classroom activity ideas, and links to lesson plans, film clips and teaching packs	http://worldslargestlesson.globalgoals.org
UN Data:	https://data.un.org
UN Sustainable Development Goals Knowledge Platform	https://sustainabledevelopment.un.org
UN World Data Forum:	https://undataforum.org
UNESCO Sustainable Development Goals Resources for educators:	https://en.unesco.org/themes/education/sdgs/material
World Bank Open Data	https://data.worldbank.org

Heimild: adapted from the Local 2030 Network (2017)

Heimildaskrá

Burns, H. (2009). *Education as sustainability: An action research study of the Burns model of sustainability pedagogy* (Doctoral dissertation). Portland State University, Portland, Oregon.

Burns, H. (2011). *Teaching for transformation: (Re)designing sustainability courses based on ecological principles*. *Journal of Sustainability Education*, 2. Retrieved from <http://www.jsedimensions.org/wordpress/wpcontent/uploads/2011/03/Burns2011.pdf>

D. Bourn, F. Hunt, N. Blum and H. Lawson. (2016). *Primary Education for Global Learning and Sustainability*. Cambridge: Cambridge Primary Review Trust. cprtrust.org.uk/wp-content/uploads/2016/02/Bourn-report-160217-final.pdf.

European Association for the Education of Adults (EAEA) (2018). *Adult Education and Sustainability*, Background paper. Brussel: EAEA. Retrieved 01/05/2021 from: https://eaea.org/wp-content/uploads/2018/09/AE-and-sustainability_paper_final_9_2018.pdf

EU Sustainable development in the European Union Overview of progress towards the SDGs in an EU context (2020). Print: 978-92-76-17454-7 PDF: 978-92-76-17455-4. Retrieved 16/02/2021 from:

<https://ec.europa.eu/eurostat/documents/4031688/11010788/KS-01-20-192-EN-N.pdf/ae63aff0-a6f3-1d47-da83-c6886b9daaab?t=1592486268000>

Local 2030 network (2017). <https://www.local2030.org/library/tools/raising-awareness>

M. Roberts (2003). *Learning Through Enquiry*. Sheffield: Geographical Association.

OXFAM GB (2019). *Sustainable Development Goals: A guide for teachers*. Oxford.

The 2020 Europe Sustainable Development Report: Meeting the Sustainable Development Goals in the face of the COVID-19 pandemic. Sustainable Development Solutions Network and Institute for European Environmental Policy: Paris and Brussels. Retrieved 19/02/2021 at 14:52 from: <https://eu-dashboards.sdgindex.org/chapters>

UNESCO (1987) *Report of the World Commission on Environment and Development: Our Common Future*. Oxford University Press. Online version retrieved 16/02/2021 from: <https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/5987our-common-future.pdf>

UNESCO (2018). *Preparing Teachers for Global Citizenship Education: A Template*.

Paris/Bangkok: UNESCO Publications. Retrieved 16/11/2020 from:

<https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000265452>.